

Skýrsla um þróunarverkefnið Fjölbreytt námsmat

Nafn verkefnis:

1. Sjálfsmatsverkefni (íslensku, stærðfræði, samfélagsfræði og líða í skóla).
2. Gátlistar (stærðfræði og íslensku).
3. Málfræðikennsla í íslensku.

Höfundur/höfundar: Berglind, Halla og Hulda

Tímabil: Veturinn 2006 - 2007

Árgangur/árgangar: 3. og 4. bekkur

Stutt lýsing á verkefninu:

1. Nemendur unnu sjálfsmatsverkefni þar sem þau mátu sjálfan sig í vinnu sem og afurðir sínar.
2. Útbúnir voru gátlistar úr námsþáttum Aðalnámskrá grunnskóla. Þar var hægt að merkja við hvað nem. kunnu nú þegar og hvað átti eftir að æfa betur. Þetta var gott stýritæki til að ákvarða hvar nem. átti að byrja í því námsefni sem við buðum upp á (í íslensku).
3. Í íslenskunni unnu nemendur að ákveðum námsþáttum og tóku svo stuttar kannanir úr. Ef jákvæðar niðurstöður komu fengu þau að halda áfram í næsta þátt. Ef ekki þá unnu þau betur í ítarefni og reyndu aftur við könnunina. Þetta var bæði framkvæmt skriflega sem og munnlega.

Hvað gekk vel?

1. Nemendum varð strax ljóst hvað gekk vel og hvað ekki.
2. Sjá hér að ofan.
3. Þetta gekk nokkuð vel fyrir sig. Nemendum þótti þetta fyrirkomulag bara gott og við sáum á auðveldari hátt hver staða barnanna er.

Hvað hefði mátt fara betur?

1. Að nemendur fengju endurgjöf fljótt og vel frá kennurum, með þeirra athugasemdum.
2. Þarf að endurskoða gátlista í stærðfræði. Merkja þarf reglulega stöðu nemandans inn á listanna þannig að þeir nýtist.
3. Það sem upp á vantaði var að nemendur fengju í hendu að hausti gátlistann sem inniheldur námsþætti vetrarins. Þannig myndu þau og foreldragera sér betur grein fyrir að hverju er stefnt.

Er hægt að nota verkefnið/námsmatið áfram? Er þörf á umbótum?

1. Nemendur þurfa að sjá hvar þau standa og því er þetta mjög gott tæki til þess.
2. Já þessir gátlista nýtast mjög vel til að sjá stöðu nemandans.
3. Já það er hægt að nota þetta verkefni áfram. Þetta er mjög gott og vel uppbyggt verkefni sem á endilega að halda áfram með. Núna er búið að búa til góðan grunn sem við ættum að byggja vel ofan á.

Hvernig upplifðu nemendur verkefnið/breytt námsmat?

1. Þau voru oftast nokkuð ánægð með að vinna þessar sjálfskannanir.
2. Þau voru oftast ánægð með gátlistana. Þetta er öðruvísi nálgun á getur þeirra og kunnáttu.
3. Þau voru mjög ánægð og fengu meiri skilning á einstaka námsþáttum.

Hvaða áhrif hafði verkefnið/námsmatið á kennslu og kennsluhætti?

1. *Nemendur sá hvar þau þurftu að bæta sig og hvar þau stóðu vel.*
2. *Kennari fékk ýmsar upplýsingar út úr þessari vinnu, s.s. hvar veiku og sterku hliðar nemendans voru og hvernig var hægt að vinna með þær.*
3. *Nemendur eru meðvitaðri um þá þætti sem unnið er með. Þannig að kennsluhættirnir urðu áhrifaríkari.*